

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra
Arnarhvoli
101 Reykjavík

BJJ/lS

20.febrúar 2019

Efni: Varðar fyrirspurn fjármála- og efnahagsráðherra til stjórnna fyrirtækja í ríkiseigu og stjórnar Bankasýslu ríkisins dags. 12. febrúar 2019.

Vísað er til bréfs fjármálaráðherra dags. 12. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir því að stjórnir félaga í eigu ríkisins færi rök fyrir því, með tilvísan til eigendastefnu, hafi þær ákvarðað framkvæmdastjórum launahækkunir umfram almenna launaþróun.

Laun forstjóra RARIK voru síðast ákvörðuð af kjararáði 1. júní 2016. Þegar laun og starfskjör framkvæmdastjóra félaga í meirihlutaeigu ríkisins féllu undan ákvörðunarvaldi kjararáðs, sbr. lög nr. 130/2016 var stjórn RARIK falið að gera ráðningasamning við forstjóra, með gildistöku frá 1. júlí 2017.

Stjórn RARIK horfði til þeirra kjara sem kjararáð hafði ákvarðað forstjóra sem og bréfs fjármálaráðherra frá 6. janúar 2017 við mat sitt ásamt almennri launaþróun við gerð ráðningasamnings við forstjóra. Horft var til þess að kjararáð hafði þann 1. júní 2016 ákvarðað laun forstjórans þannig:

Laun 1. júní 2016	1.023.515
Einingar 1. júní 2016	<u>478.650</u>
Samtals laun	1.502.165

Jafnframt hafði kjararáð ákvarðað viðbótarframlag ef greiðslur í lífeyrissjóð væru undir 20%, sem í tilfalli forstjórans var 97.940 kr. Aksturskostnaður var greiddur skv. akstursdagbók.


Þann 1. júlí 2017 gerði stjórn RARIK samning við forstjóra um laun upp á 1.600.000 kr. sem var u.þ.b. 6,5% hækkun frá úrskurði kjararáðs, á sama tíma hafði launavísitala hækkað um 7,3%. Samið var um sömu reglu varðandi viðbótarframlag vegna lífeyrissjóðs og gilt hafði hjá kjararáði. Jafnframt var ákveðið að í stað þess að skila inn akstursdagbók skyldi greitt fast gjald fyrir akstur sem væri ekki hærrí en greitt hafði verið fyrir að meðaltali áður. Ennfremur var sú breyting gerð að forstjóra væri heimilt að þiggja stjórnarlaun í dótturfélögum RARIK. Er sú tilhögun í samræmi við það sem tíðkaðist áður en kjararáð tók yfir ákvörðun launa hans enda réttast að sú vinna sem innt er af hendi í þágu þessara félaga með stjórnarsetu sé greidd af þeim sjálfum en ekki af RARIK.

Ráðningasamningur við forstjóra RARIK var síðan endurnýjaður þann 1. júlí 2018. Þá var horft til þess að launavísitala hafði hækkað um 6,3%, en jafnframt tekið tillit til þess að laun forstjóra RARIK höfðu dregist verulega aftur úr launum sambærilegra starfa. Því voru laun forstjóra ekki ákvörðuð 1.700.000 eins og vísitöluhækkunin gaf tilefni til heldur um 9%, eða í 1.750.000 kr. frá 1. júlí 2018, viðbótarframlag vegna lífeyrissjóðs var með sama hætti og akstursgreiðslur miðuðu við sama akstur.

Stjórnarlaun í þremur dótturfélögum voru á árinu 2018 samtals 340.000 á mánuði. Framkvæmdastjóri eins dótturfélaga fyrirtækisins, Rarik Orkuþróunar ehf. lét af starfi á árinu og var ekki ráðið í hans stað, en hluti verkefna fluttur til annars dótturfélags. Gegnir forstjóri RARIK nú framkvæmdastjórastarfi tveggja af þremur dótturfélaga samhliða stjórnarformennsku í þeim. Ekki eru aðrar greiðslur vegna þeirra starfa en stjórnarlaun.

Stjórn RARIK hefur farið fram með hóflegar breytingar á launum forstjóra fyrirtækisins og eru launin talsvert undir því sem gerist í þeim fyrirtækjum sem RARIK ber sig saman við og keppir á raforkumarkaði.

Virðingarfyllt,



Birkir Jón Jónsson,
formaður stjórnar RARIK ehf.